

Færri fundu fyrir lyktarmengun

● Tveir af hverjum þremur íbúum urðu fyrir óþægindum vegna ólyktar

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is

Færri íbúar Leirvogstunguhverfis í Mosfellsbæ fundu óþef frá urðunarstað í Álfsnesi síðastliðið sumar en sumarið 2012. Engu að síður urðu um tveir af hverjum þremur íbúum fyrir óþægindum ef marka má niðurstöðu könnunar sem Capacent Gallup vann fyrir hönd Sorpu bs. Hlutfall íbúa sem fundu ólykt lækkaði úr 79 prósentustigum árið 2012 í 67 prósentustig árið 2013.

Jafnmargir fundu fyrir miklum óþægindum 2012 og 2013

Þetta er fimmta könnunin sem fyrirtækið gerir fyrir Sorpu bs. frá árinu 2009. Það ár tóldu 95% íbúa

síga hafa fundið óþef. Hann má rekja til urðunarstaðs Sorpu í Álfsnesi en þangað er farið með sorp og lífrænan úrgang íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Þegar nánar er rýnt í tölur könnunarinnar má sjá að svipað hlutfall íbúa telur sig hafa orðið fyrir miklum óþægindum vegna ólyktarinnar síðastliðið sumar og sumarið 2012 eða rúm 40%. Þetta hlutfall var rúm 51% árið 2009.

Rúm 48% töldu sig hafa orðið fyrir litlum óþægindum vegna lyktarmengunar síðasta sumar samborið við rúm 45% árið 2012. Þá kemur fram að viðhorf íbúa til Sorpu hafi batnað. Um 69% eru jákvæð í garð fyrirtækisins nú en 45,5% voru það árið 2012. Sam-



Morgunblaðið/Stýrmir Kári

Sorpa Álfsnesi Færri hafa fundið fyrir lyktarmengun er hún enn til staðar.

hlíða hefur hlutfall þeirra sem eru neikvæðir í garð fyrirtækisins fallið um 25,5% en 15,4% lýstu sig

neikvæð nú en um 40,9% í könnun Capacent árið 2012.

Björn Halldórsson, framkvæmd-

astjóri Sorpu bs., segir að kvörtunum frá íbúum hafi fækkað. „Við erum í góðu samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur og Fráveituna í Hafnarfirði um það hvernær þeirra úrgangur kemur. Við höfum reynt að stjórna því þannig að hann komi á þeim tíma sem minnst hætta er á lyktarmengun. Síðan reynum við að dreifa sjó og lyktarhamlandi efnun yfir úrganginn. Um áramótin var hætt að taka við seyru og síðar á árinu verður hætt að taka við ristarárgangum.“ segir Björn. Ristarúrgangur er fastur úrgangur sem fellur til við grófhreinsun á skólpi.

Þá gerir Björn ráð fyrir því að stærsta breytingin verði árið 2016 þegar rekstur gas- og jarðgerðarstöðvar hefst. Þar verður öllum lífrænum úrgangi komið fyrir. Yfirvöld hafa boðað að urðun á lífrænum úrgangi verði hætt árið 2021.

Prófkjör árið 2014

Framboð í Hafnarfirði



Adda María Jónhansdóttir framhaldsskólakennari býður sig fram í forustusveit Samfylkingarinnar í Hafnarfirði í flokksvali, sem fer

fram 14.-15. febrúar.

Adda María starfar sem enskukennari og sviðstjóri við Flensborgarskólann. Hún segist leggja mikla áherslu á jafnrétti í viðum skilningi. „Sem kennari slær hjarta mitt í skóla- og fræðslumálum. Sem móðir eru fjölskyldumálin mér hugleikin, ekki síst dagvistunarmál, húsnæðismál og félagsleg úrræði á þeim margbreytilega veruleika sem blasir við nútímafjölskyldum,“ segir m.a. í tilkynningu frá Óddu Maríu.

Framboð í 1.-3. sæti



Hafsteinn Eggertsson húsnæðisráðgjafi, gefur kost á sér í 1.-3. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

„Mér er annt

um bæinn og samfélag okkar Hafnarfirðinga. Þess vegna vill ég leggja áherslu á að horfa fram á veginn og til framtíðar en ekki sökkva okkur í eynd og volæði, t.d. út af erfiðum fjár- og skuldumálum Hafnarfjarðarbæjar. Það skal vera okkar markmið að snúa vörn í sókn og hefja öfluga og kraftmikla uppbyggingu á öllum svæðum og þar verður ekkert undanskilið,“ segir meðal annars í tilkynningu frá Hafsteini.

Framboð í 2.-4. sæti



Ófeigur Friðriks-son vísðisráðgjafi býður sig fram í 2.-4. sæti í forvali Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vor.

„Ég á tvö börn á grunnskólaaldri og það er ekki síst fyrir tilstuðlan barnanna að ég hef ákveðið að bjóða fram krafta mína. Ábyrgð okkar kynslóðar er gífurlega mikil þegar kemur að mótun samfélagsins handa komandi kynslóðum sem munu erfa þetta samfélag,“ segir m.a. í tilkynningu frá Ófeigi.

„Tækifærin eru mikil í hjarta Hafnarfjarðar og engin ástæða til annars en hjartasýni fyrir komandi kjörtímabili.“

Framboð í 1. sæti



Ásta Stefánsdóttir hefur ákveðið að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í

Árborg í vor og sækist eftir því að leiða lista flokksins.

Ásta er lögfræðingur að mennt. Hún hefur starfað sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins á þessu kjörtímabili og þar áður sem bæjarritari.

„Ég hef tekið þátt í að rétta fjárhag sveitarfélagsins af og hef áhuga á að vinna áfram að því að gera sveitarfélagið að góðum búsetukosti,“ segir m.a. í tilkynningu frá Ástu.

Framboð í 3.-4. sæti



Heiða Björg Hilmisdóttir, gefur kost á sér í 3.-4. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík.

Flokksvalið fer fram 8. febrúar.

Heiða Björg starfar sem deildarstjóri eldhúss og matsala á Landspítalanum. Hún er

formaður Kvinnahreyfingar Samfylkingarinnar.

„Ég vil gera Reykjavík að enn betri borg fyrir börn, unginga og barnafjölskyldur. Allt samfélagið hagnaast á öflugri þjónustu við barnafjölskyldur og þar búa mörg brýn verkefni,“ segir Heiða Björg m.a. í tilkynningu.

Framboð í 3.-4. sæti



Þorgerður Laufey Dóttir býður sig fram í 3.-4. sæti í forvali Samfylkingarinnar í Reykjavík í febrúar.

„Ákvarðanir borgarstjórnar ráða grófarlega miklu um lífsgæði og kjör borgarbúa, uppvöxt barna og ungmenna og hvernig við sköpum bestu mögulegu aðstæður fyrir jöfnuð, þátttöku, lýðheilsu og framúrskarandi skóla- og frístundastarf. Ég vil nýta reynslu mína af vettvangi kjarabaráttu kennara, stefnumótun skólastarfs og sem formaður eins stærsta íþróttasambandsins innan ÍSÍ til góðs fyrir borgarbúa,“ segir m.a. í tilkynningu frá Þorgerði.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2014, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. janúar 2014 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2014, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilnum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oljugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleysis og álögðum þing- og sveitarstöðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2014

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Hólmavík	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn á Hvalselli
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Akureyri	
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Húsvík	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	